

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgunarfrest á skuld jafnaðarsjóðsins.

1864.

4. ágúst.

Fyrir þá sök, að hinn lengdi frestur með borgun á láni því, er jafnaðarsjóði vesturumdæmisins hafði veitt verið samkvæmt lögum 29. desemberm. 1857, er út runninn við lok þessa árs, en eptir eru ógoldnir 1200 rd. af skuld þessari, hafið þér, herra amtmáður, í bréfi 10. d. marzm. þ. á. farið þess á leit, að jafnaðarsjóðnum enn verði veittur frestur með borgun eptirstöðvanna til loka ársins 1865 eður 1866, og að vextir af láninu verði eptir gefnir eins og áður, og hafið þér getið þess, að fátækt gjaldþegnanna sé svo mikil, að ekki verði lagt á þá svo hátt tillag til jafnaðarsjóðsins, að hann auk annara óumflýjanlegra gjalda, sem á honum hvíla, verði fær um að borga skuld þá, sem hér er um rætt, áður en hinn tiltekni frestur sé liðinn.

Eptir að skrifazt hefir verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, skal yður hérmeð kunngjört, að dómsmálastjórninni þykir að vísu illa farið, að þér ekki hafið séð yður fært að uppfylla öðruvísi, en þér hafið gjört, þá skilmála, sem settir voru í bréfi stjórnarráðsins 11. d. júlímán. 1862 um hinn lengda borgunarfrest, er þá var veittur, þarsem árin 1862 og 1863 aðeins hafa verið borgaðir 400 rd. uppí það, sem þá var eptir af skuld jafnaðarsjóðsins, en það voru 1600 rd., í stað þess að á þessu tímabili hefði átt að borga 1036 rd. 64 sk.; en vegna þess, sem þér hafið frá skýrt um ástandið í vesturumdæminu, leyfir stjórnarráðið samt sem áður, svo framarlega sem ríkisþingið veitir til þess samþykki sitt, að fresturinn með borgun þess, sem enn er eptir ógoldið af skuldinni, sé lengdur til ársloka 1866, og að jafnaðarsjóðurinn sé undanþeginn að greiða vöxtu af eptirstöðvum þessum þann tíma, sem fresturinn þannig er lengdur.

Um leið og stjórnarráðið tekur fram, að það er sjálfsagt, að allri skuldinni verður að vera lokið, áður sá frestur sé liðinn, sem þannig er veittur, og má eigi útaf því bregða, biður það yður að segja álit yðar um, hvort ekki sé réttast, að borgaður

1864.
4. ágúst.

sé þriðjungur skuldarinnar, eður 400 rd., hvert af þessum þrem árum: 1864, 1865 og 1866.

10. ágúst.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland.

Svo sem sjá má af fylgiskjöllum bréfs þessa hefir hið síðasta alþingi Íslendinga í þegnlegri bænarskrá, er stjórninni hefir verið send, meðal annars beðið um:

1. að hlutast verði til um, að hin íslenzku veiðilög, ef það hafi eigi áður verið gjört, verði kunngjörð þeim þjóðum, er liggja til fiskjar við Ísland, á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ekki afsakað rán og gripdeildir, er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vankunnáttu sinni um þetta efni, og
2. að leitast verði við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarétti hvað fiskihelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum áhrærir undir Íslandi, svo framarlega sem ekki þjóðbúið allt og landsfólkið eigi að bíða óbætanlegt tjón.

Einsog bænarskráin sjálf ber með sér er hið fyrra af niðurlagsatriðum þessum einkum sprottið af kæru þeirri, er kom frá prestinum á Lóni í Skaptafellssýslu um rán, er menn höldu að útlendir fiskiveiðamenn hefðu framið í eygni Vigur; var útaf kæru þessari síðar haldið réttarpróf við aukahæðsrétt þar í sýslu, til að fá skýrslu um tilverknað þann, sem um er rætt í kærinni, og fylgir hér með dönsk þýðing af útskrift af prófinu. Dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og alþingi um það, að ákjósanlegt sé að annast verði um, að ákvarðanir hinna íslenzku veiðilaga verði kunnar skipstjórum og skipshöfnum, er stunda fiskiveiðar við Ísland, og sendir því hér með exemplör af tilskipun um veiðina á Íslandi, dags. 20. d. júním. 1849 og af opnu bréfi um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á